

1. Kafli - Inngangur

Í þessu verkefni verður fjallað um þau áhrif sem andlegt-, líkamlegt-, og kynferðislegt ofbeldi getur haft á heilsu þess sem það upplifir. Niðurstöður fyrri rannsókna hafa sýnt að afleiðingar slíks ofbeldis á heilsufar þolandans geta verið mjög miklar.

Niðurstöður fyrri rannsókna, um áhrif ofbeldis á heilsu þess sem það upplifir, sýna að áhrifin lýsa sér helst í að líkamsástandi viðkomandi hrakar og þá er hætt við alls kyns líkamlegum kvillum og hætta er á því að einstaklingurinn brotni andlega niður og geti jafnframt farið út í allskonar sjálfskaðandi hegðun.

Niðurstöður rannsókna benda til þess að afleiðingar ofbeldis séu einmitt þessar; niðurbrot andlegrar og/eða líkamlegrar heilsu. Þessi hætta er ekki síður til staðar eftir að ofbeldissambandinu lýkur, því heilsan bíður þess jafnvel aldrei bætur ef viðkomandi hefur upplifað ofbeldi (Sigríður Halldórsdóttir, 2005, Drífa Snædal, 2003, Kirkengen, 2001, Felitti, 2002, Jónína Einarsdóttir o.fl., 2004, Socialstyrelsen, 2003, Krug o.fl., 2002).

Mjög fáar íslenskar rannsóknir eru til um þetta efni. Því ákvað höfundur að gera megindlega rannsókn á helstu áhrifum ofbeldis, á heilsu þess sem það upplifir, til að fá íslenskar tölur og staðreyndir um þessi mál.

Mjög mikilvægt er að slíkar tölur séu einnig til héraendis, svo þeir aðilar sem vinna með fólki eins og tómsstundafræðingar, kennarar, heilbrigðisstarfsfólk og annað fagfólk geri sér betur grein fyrir þeim fjölda sem upplifir ofbeldi og umfangi þeirra áhrifa sem slíkt hefur á þann sem upplifað hefur ofbeldi.

Einnig er mikilvægt að þessir aðilar þekki þau einkenni og áhrif sem ofbeldi hefur á þann sem það upplifir svo þeir séu betur í stakk búnir til þess að veita nauðsynlegan stuðning og aðstoð til þess að einstaklingurinn finni styrk til að vinna úr afleiðingum ofbeldisins.

Rannsóknarspurningin var valin vegna þess að hún dregur fram það sem höfundur vildi rannsaka og var: **Hefur ofbeldi áhrif á heilsu þolandans og ef svo er hvernig áhrif hefur það?**

Spurningarlisti var settur upp á veraldarvefnum og sendur út á póstlista samtakanna Stígamót, Kvænnaathvarf, Styrkur – úr hlekkjum til frelsis og Blátt áfram. Verkefni þetta greinir frá þeim niðurstöðum sem fengust með fyrrgreindri rannsókn og hvernig þær

samræmast fyrri rannsóknnum á sama sviði. Það greinir einnig frá fyrri rannsóknnum um sama efni og niðurstöðum þeirra um áhrif ofbeldis á heilsufar einstaklinga sem upplifa slíkt.

Í öðrum kafla er fræðilegur bakgrunnur þessa efnis ásamt þeim skilgreiningum á ofbeldi sem notaðar voru við rannsóknina. Einnig er þar fjallað um tilgang rannsóknarinnar í heild.

Í þriðja kafla er fjallað um rannsóknaraðferðina, rannsóknarferlið og bakgrunn rannsakanda. Einnig er þar fjallað um siðferðileg álitamál, í sambandi við rannsóknina, ásamt réttmæti hennar og áreiðanleika.

Í fjórða kafla er fjallað um helstu niðurstöður rannsóknarinnar.

Í fimmta kafla er umfjöllun um niðurstöður rannsóknarinnar og ályktanir rannsakanda af þeim, ásamt því að fjallað er um takmarkanir rannsóknarinnar.

Í sjötta kafla eru meginatriði rannsóknarinnar tekin saman, fjallað er um niðurstöður og notagildi hennar og vangaveltur um framtíðarannsóknir á efninu.

Höfundur leggur áherslu á að í þessi verkefni er fjallað um andlegt-, líkamlegt- og kynferðislegt ofbeldi. Höfundur talar yfirleitt bara um ofbeldi en þar er verið að vísa til áður nefnds ofbeldis.

Einnig ákvað höfundur að tala um að upplifa ofbeldi í stað þess að tala um að vera þolandi ofbeldis, hafa orðið fyrir ofbeldi, verið beittur ofbeldi eða jafnvel fórnarlamb ofbeldis.

Ástæða þessa er að höfundur telur það mun jákvæðara að tala um að hafa upplifað ofbeldi, heldur en að hafa verið beittur ofbeldi eða verið þolandi ofbeldis. Með því að nota jákvæðari hugtök yfir þessa upplifun telur höfundur að fleiri líti á upplifun ofbeldis sem reynslu sem hægt er að vinna úr á jákvæðan hátt, í stað þess að jafnvel líta á sig sem fórnarlamb eða þolanda.